# BEITUKÓNGUR – *COMMON WHELK*

## *Buccinum undatum*

## RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2019/2020 verði ekki meiri en 220 tonn.

*MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2019/2020 should not exceed 220 tonnes.*

## STOFNÞRÓUN – *STOCK DEVELOPMENT*

Afli á sóknareiningu lækkaði frá 2003–2012 en hefur hækkað síðan.

*CPUE declined from 2003–2012 but has been increasing since.*







**Beitukóngur.** Afli og afli á sóknareiningu. Rauðar láréttar línur sýna meðalafla á sóknareiningu fyrir árin 2014–2016 og 2017–2018 sem nýtast við útreikninga ráðgjafar.

***Common whelk.*** *Catches and CPUE. Red horizontal lines indicate average CPUE for 2014–2016 and for 2017–2018 used in the advice calculations.*

## FORSENDUR RÁÐGJAFAR – *BASIS OF THE ADVICE*

| | |
|---|---|
| Forsendur ráðgjafar<br>*Advice basis* | Varúðarnálgun<br>*Precautionary approach* |
| Aflaregla<br>*Management plan* | Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn<br>*There is no management plan for this stock* |
| Stofnmat<br>*Assessment type* | Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum<br>*Trends in biomass indicators and catches* |
| Inntaksgögn<br>*Input data* | Afli og afli á sóknareiningu.<br>*Catches and CPUE* |

Ráðgjöf síðasta árs er ekki talin byggja á varúðarnálgun og því er grunni ráðgjafar breytt í ár. Grunnur ráðgjafar fylgir nú forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; ICES, 2012). Afli á sóknareiningu lækkaði 2003–2012 en hefur farið hækkandi síðan. Heildarráðgjöf hefur verið skipt á milli norðurs og suðurs til að dreifa álagi veiða en síðustu ár hefur veiðin verið nokkuð jafndreifð. Ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2019/2020 er byggð á hlutfalli milli meðaltals afla á sóknareiningu síðustu tveggja ára (vísitala A) og þriggja ára þar á undan (vísitala B) margfaldað með meðalafla síðustu þriggja fiskveiðiára. Þar sem hlutfall A/B er hærra en 1.2, er notuð sveiflujöfnun. Að auki er notuð varúðarlækkun þar sem þessari aðferð er beitt í fyrsta skipti. Ráðlagður heildarafli fyrir fiskveiðiárið 2019/2020 er 220 tonn (229×1.2×0.8) fyrir allt svæðið.

*The advice given last year was not based on precautionary considerations and therefore the basis of the advice is changed this year. The ICES framework for category 3 stocks, for which analytical assessment is not possible but trends in biomass indicators are assumed to reflect changes in stock dynamics, was applied (ICES, 2012). The CPUE declined from 2003–2012 but has been stable or increasing since. The recommended TAC in previous years has been divided between north and south to distribute catches, but in recent years, catches have been relatively evenly spread. The advice in 2019/2020 is based on the ICES framework for data limited stocks (Category 3.2) where the ratio of the mean of the last two CPUEs (Index A) and the mean of the three preceding values (Index B) multiplied by the mean catches in the last three fishing years. Because the Index ratio is higher than 1.2, an uncertainty cap is applied. In addition, a precautionary buffer is added, as it is the first time this advice is used. The result is advice set at 220 t (229×1.2×0.8) for the whole area.*

**Beitukóngur.** Útreikningar ráðgjafar.
***Common whelk.*** *Advice calculation*

| | | |
|---|---|---|
| Vísitala A (2017–2018) – *Index A (2017–2018)* | | 2.5 |
| Vísitala B (2014–2016) – *Index B (2014–2016)* | | 1.76 |
| Hlutfall vísitalna (A/B) – *Index ratio (A/B)* | | 1.41 |
| Meðalafli 2015/16 – 2017/18 – *Average catch 2015/16 –2017/18* | | 229 |
| Sveiflujöfnun – *Uncertainty cap* | Beitt – *Applied* | 1.2 |
| Varúðarlækkun – *Precautionary buffer* | Beitt – *Applied* | 0.8 |
| Ráðgjöf fyrir 2019/2020 – *Catch advice for 2019/2020* | | 220 |

## RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

**Beitukóngur.** Tillögur um hámarksafla í Breiðafirði og afli (tonn).
***Common whelk.*** *Recommended TAC in Breiðafjörður, and catches (tonnes).*

| Fiskveiðiár *Fishing year* | Tillaga *Rec. TAC* | Aflamark *National TAC* | Afli *Catches* |
|---|---|---|---|
| 2010/11 | - | - | 406 |
| 2011/12 | - | - | 438 |
| 2012/13 | 750 | - | 268 |
| 2013/14 | 750 | - | 0 |
| 2014/15 | 750 | - | 165 |
| 2015/16 | 750 | - | 332 |
| 2016/17 | 750 | - | 186 |
| 2017/18 | 500 | - | 171 |
| 2018/19 | 500 | - | |
| 2019/20 | 220 | | |

## HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

MFRI Assessment Reports 2019. Common whelk. Marine and Freshwater Research Institute, 13 June 2019.